

Suðursvæði Vatnajökulsþjóðgarðs

Fundur í svæðisráði 10. júní 2014 kl. 10:00 í ráðhúsinu á Höfn

Mættir: Reynir Arnarson, Sigurlaug Gissurardóttir, Björn Ingi Jónsson, Guðrún Ingimundardóttir, Karl Ingólfsson og Hildur Þórsdóttir. Einnig Regína Hreinsdóttir þjóðgarðsvörður sem ritaði fundargerð.

Dagskrá:

1. Fyrirhugaðar framkvæmdir á suðursvæðinu

Regína gerði grein fyrir fyrirhuguðum framkvæmdum á suðursvæðinu, en styrkur fékkst í vor í tvö verkefni sem sótt var um í Framkvæmdasjóð ferðamannastaða. Hafist verður handa við þessar framkvæmdir í lok sumars en þessi verkefni eru styrkt að helming og þjóðgarðurinn leggur helming á móti.

Verkefnin sem fengu styrk voru annarsvegar stækkun húsnæðis þjónustumiðstöðvar í Skaftafelli.

Veitingaaðstaða verður stækkuð og skipt um þak á þjónustumiðstöð.

Hinsvegar fékkst styrkur til að byggja göngubrú yfir Kolgrímu og verður það samskonar brú og nýverið kom yfir Hólmsá. Haft hefur verið samband við hönnuði þeirrar brúar. Björn Ingi benti á að mikilvægt væri að skoða samhliða hvernig aðgengi yrði að brúnni til að mynda vegna björgunaraðgerða.

Þá fékkst viðbótarfjármagn á fjárlögum til að laga göngustíg að Svartafossi, stígurinn og umhverfi hans hefur látið mikið á sjá síðustu ár, sérstaklega með aukinni vetrarumferð og er orðið nauðsynlegt að breikka hann og ræsa betur fram svo ekki renni eins auðveldlega úr honum. Skipt verði um handrið á brú og pöllum og gerðar tillögur að útsýnispalli í hlíðinni við fossinn.

Karl kom með hugmynd að því að nota stuðlaberg í þrep á stígnum þar sem hann liggur niður hlíðina, sérstaklega að vestan, og jafnvel í gólf útsýnispalla. Svæðisráð hvetur til að þetta verði skoðað með tilliti til kostnaðar, umhverfisáhrifa framkvæmdar og viðhalds og er sammála um að þetta væri metnaðarfull útfærsla.

Regína sagði einnig frá stöðu heitavatnsmála, en heitt vatn hefur ekki enn verið tengt inn í hús í Skaftafelli vegna anna hjá iðnaðarmönnum en von er á úrbótum næstu daga ef allt gengur að óskum. Nýverið var einnig skipt um rotþró við snyrtihús á tjaldsvæði og sett mun stærri rotþró sem uppfyllir einnig ítrustu kröfur heilbrigðiseftirlits.

2. Atvinnustefna þjóðgarðsins – skilgreining svæða.

Enn er unnið að atvinnustefnu fyrir þjóðgarðinn þar sem verða m.a. lagðar línur um samskipti þjóðgarðsins og fyrirtækja með starfsemi í þjóðgarðinum, hvort sem þau eru með starfsstöð innan garðs eða utan.

Regína greindi frá því að nýverið hefði fyrirtæki byrjað að bjóða upp á jöklagöngur á Skaftafellsjökli en undanfarin ár hafa þær einna helst verið stundaðar í atvinnuskyni á Svínafellsjökli og Virkis- og Falljökli. Vinsæl gönguleið, sem er jafnframt fræðslustígur um jarðfræði, liggur að jöklinum sem þjóðgarðsstarfsmenn beina flestum ferðamönnum á, sem heimsækja svæðið. Nú er mjög gott aðgengi að jöklinum og hægt að ganga beint upp á hann af aurunum við enda stígsins.

Sendur var tölvupóstur til forsvarsmanns viðkomandi fyrirækis þar sem sett voru fram vinsamleg tilmæli um að ekki yrði farið með skipulagðar jöklagönguferðir á Skaftafellsjökul. Er það aðallega af tveimur ástæðum, annarsvegar af öryggisástæðum þar sem fjölda ferðamanna er beint á þennan göngustíg og margir þeirra eiga eflaust eftir að fara á jökulinn á eftir jöklagönguhópunum án nokkurs

búnaðar. Hin ástæðan er það sjónarmið að sum svæði eigi að vera ósnortin og laus við skipulagðar ferðir til að ferðamenn fái að upplifa náttúruna án markaðssetningar. Regína óskaði eftir álitum svæðisráðsins á þessu tiltekna máli og almennum umræðum um hvort svæðisráð teldi æskilegt að afmarka svæði innan þjóðgarðsins til mismunandi nota. Töluverðar umræður spunnust um þetta og nefndarmenn tóku undir það að skilgreina verði svæði án atvinnustarfsemi í þjóðgarðinum. Björn Ingi benti á að þjóðgarðurinn hefði lagt mikið í að gera greiðfæra leið inn að Skaftafellsjökli sem hentaði einnig hreyfihömluðum og fannst ekki fara vel saman við þá stefnu að jöklagöngur væru á sama stað. Fundarmönnum bar saman um það að skilgreina ætti Skaftafellsjökul sem svæði án skipulagðrar starfsemi þar sem fólk geti notið útsýnis yfir jökulinn án þess að þar sé atvinnustarfsemi í gangi.

Svæðisráð samþykkir að beina því til stjórnar að ljúka vinnu við atvinnustefnu þjóðgarðsins. Einnig er áréttað, af gefnu tilefni, mikilvægi þess að svæði verði afmörkuð til mismunandi nota, þar með talið án skipulagðrar starfsemi.

Karl benti á að skipulag svæða í og við þjóðgarðinn verði sífellt meira aðkallandi eftir því sem umferð eykst og að sveitarfélögin verði að koma að þeim málum. Til dæmis hvar fyrirtæki geti verið með starfsstöðvar innan og utan garðs og hvar verði hægt að byggja íbúðarhúsnæði. Björn Ingi víðrar þá skoðun sína að Vatnajökulsþjóðgarður ætti að koma meira að vinnu við að móta reglur um starfsemi afþreyingarfyrirtækja, sérstaklega hvað varðar öryggismál og að stjórnin ætti að vera drifkraftur í því að leiða saman aðila til að móta stefnu um gæðakröfur þeirra sem eru með atvinnustarfsemi í ferðaþjónustu innan og utan þjóðgarðs. Nokkrar umræður sköpuðust um þetta, hvernig kröfur væri hægt að gera til fyrirtækja sem bjóða upp á allkyns ferðir, en lagalegt umhverfi er ekki alltaf til staðar til að setja reglur og fylgja þeim eftir.

3. Deiliskipulag við Fjallsárlón – umfjöllun

Karl lýsti yfir ánægju með staðsetningu á bílastæði og öðrum mannvirkjum framan við jökulölduna þannig að mannvirki sjáist ekki frá lóninu og tóku aðrir fundarmenn undir það.

Karl velti því upp hvort ekki ætti að gera kröfu um að þarna séu eingöngu rafknúnir bátar en ekki drifnir áfram af jarðefnaeldsneyti. Svæðisráð tekur undir þetta sjónarmið og komið verður ábendingu þess efnis til byggingar- og skipulagsfulltrúa Hornafjarðar.

4. Önnur mál

Nokkuð hefur verið um utanvegaakstur á Heinabergssvæðinu og sérstaklega verður það áberandi í mýrlendinu sunnan við gamla Heinabergsbæinn. Sigurlaug telur mikilvægt að koma eystri leiðinni inn á svæðið til framkvæmdar sem fyrst og telur að það myndi stórlega minnka líkur á utanvegaakstri þar. Fleiri nefndarmenn taka undir það sjónarmið.

Utanvegaakstur hefur verið mjög áberandi á Skeiðarársandi undanfarin ár. Fulltrúar Vegagerðarinnar hafa tekið vel í það að setja upp útskot við veginn og merkja með bílastæðamerkinu, en þjóðgarðurinn myndi leggja til merkingar um að utanvegaakstur sé bannaður.

Fleiri mál ekki tekin fyrir.

Fundi slitið kl. 11:45.